


Vistheimili vangefinna á Akureyri eykur við húsakost sinn

ASK—Akureyri. Sólborg vistheimili vangefinna á Akureyri hefur nú um árabíl búið við mjög þröngan húsakost. Upphaflega var gert ráð fyrir að þar dveldu 32 einstaklingar, en í dag eru þar um 56 einstaklingar. Til að bæta úr brýnustu þörfinni og um leið að rýma vistheimilið að einhverju



Oddeyrargata 32, sem Sólborg hyggst kaupa.

leyti, hafa forráðamenn þess í huga að kaupa fasteign á Akureyri sem kæmi til með að verða heimili 6-10 einstaklinga.

Að sögn Bjarna Kristjánssonar framkvæmdastjóra Sólborgar hefur húseignin Oddeyrargata 32 mjög fastlega komið til greina, enda er um mjög hentugt húsnæði að ræða. Verð hússins er um 10 milljónir og sagði Bjarni að Sólborg legði fram um helming þess verðs.

Eins og fyrr sagði verður þarna um að ræða heimili fyrir um 6-10 einstaklinga. Verður valið úr full-orðið sjálfbjarga fólk sem dveldi að mestum hluta á Sólborg að deginum við vinnu og nám, en hluti hjálpaði til við heimilisstörf í Oddeyrargötu. Að sögn Bjarna yrði um fámenn starfslíð að ræða, einungis tveir til þrjár starfsmenn eru nauðsynlegir við heimili sem þetta.

Aðspurður hvort ekki gætu orðið um að ræða einhvers konar mótmæli frá nágrönnum, sagði Bjarni álíta slíkan hugsunarhátt horfinn, enda væri skilningur fólks á málefnum vangefinna mun meiri nú en áður var.

Fyrstu dómarnir í VI-málunum:

Sýknaðir af öllum refsikröfum

— en dæmdir til þess að greiða málskostnað

HHJ—Rvík. Í gær kvæð Hrafn Bragason borgardómari í Reykjavík upp fyrstu dómanna í hinum svokölluðu VL-málum,

Sýningu Eyjólfs Eyfells lýkur á sunnudagskvöld

Yfirlitssýningu Eyjólfs J. Eyfells sem opin hefur verið þessa viku að Kjarvalsstöðum, lýkur kl. 22.00 sunnudagskvöld. Sýningin hefur verið mjög vel sótt og vakið verðskuldaða hrifningu.

Auk almennra gesta bauð listamaðurinn vistfólki á „Grund“ og „Hrafnistu“ á sýninguna. Forstjóri SVR sýndi þá vinsemd að gera það kleift með því að annast flutning gestanna.

Þá hafa séð sýninguna gestir Reykjavíkurborgar á lækna- og búfræðingaráðstefnum, sem haldnar hafa verið í borginni þessa viku.

Í dag kl. 5 verður flutt á sýningunni stutt söngprógram á vegum Þjóðdansafélagsins.

Sýningin verður ekki framlengd.

Kirkjudagur að Kálfatjörn

Á morgun er hinn árlegi kirkjudagur í Kálfatjárnarkirkju.

Guðsþjónusta fer fram í kirkjunni kl. 2 e.h. Þar predikar séra Björn Jónsson, sóknarprestur á Akranesi, en kór Kálfatjárnarkirkju syngur undir stjórn Jóns Guðnasonar organista. Kórinn hefur starfað mjög ótullga án-anfarið og notið leidsagnar hins áhugasama stjórnanda síns.

Að guðsþjónustu lokinni verður safnast saman í samkomuhúsinu Gláðheimum í Vogum, en þar selja konur úr kvenfélaginu Fjölu veitingar til ágóða fyrir kirkjusjóð sinn. Formaður sóknarnefndar, Jón Guðbrandsson flytur ávarp. Mun hann minnst þeirra miklu umbóta, sem orðið hafa á kirkjunni að Kálfatjörn, og þakka hið mikla framlag og vinarhug, sem safnaðarfolk og aðrir velunnarar kirkjunnar hafa sýnt á margvíslegan hátt.

Kirkjudagur þessir hafa ávallt tekizt mjög vel og verið fjölsóttir.

þ.e. þeim málum, sem aðstandendur undirskriftasöfnunar þeirrar, er kennd var við einkunnarorðin „Værið land“ höfðu gegn fjórtán mönnum sakir meintra meiðyrða. Urskurður borgardóms var á þá lund, að Úlfar Þormóðsson blaðamaður á Þjóðviljanum og Guðsteinn Þengilsson lækni voru báðir sýknaðir af öllum refsikröfum, bæði hvað áhrærir fébætur og fangelsisvist.

Hluti þeirra ummæla, sem stefnt var fyrir, var hins vegar dæmdur dauður og ómerkur. Þá var Úlfar dæmdur til þess að greiða 80 þús. kr. í málskostnað, og Guðsteinn til þess að greiða 25 þús. kr. í málskostnað.

Enn eru eftir tólf sams konar mál, en málfutningur í þeim hefur ekki enn farið fram.

Kapallinn er bandarískur


— en frekari upplýsingar liggja ekki á lausu

„Samkvæmt ósk utanríkisráðuneytisins hefur yfirmaður varnarliðsins á Íslandi skilað skýrslu varbandi slit sæstrengs þess, sem liggur í sjó úti fyrir Stokksnesi. Sæstrengur sá, sem hér um ræðir, er hluti af búnaði varnarliðsins á Íslandi og þar sem hér er um að ræða atriði er varða öryggismál landsins, er ekki unnt að fara nánar út í einstaka þætti skýrslunnar. Ráðuneytið hefur fullvissað sig um að tilvist þessa sæstrengs og

notkun hans samræmist að öllu leyti tilgangi þeim, sem fölginn er í starfsemi varnarstöðvarinnar og öryggisvörnum landsins.“

Þannig er að orði komizt í tilkynningu, sem utanríkisráðuneytið gaf út í gær.

Tíminn reyndi í gær án árangurs að afla sér frekari upplýsinga um þetta mál en þeir aðilar, sem blaðið hafði tal af kváðust ekki reiðubúnir að gefa frekari upplýsingar að svo stöðu.



Í gær fór fram frá Fossvogskapellunni í Reykjavík útför Þorgils Guðmundssonar íþróttakennara frá Valdastöðum að viðstöddu miklu fjölmenni. Séra Einar Guðnason jarðsöng. Við athöfnina lék Þorvaldur Steingrímsson á fíðlu og félagar úr Fóstbræðrum sungu. Hins látna verður síðar minnt í Íslendingaþáttum Tímans. Tímamynd G.E.



SIGLFIRZK EININGAHÚS RÍSA NÚ VÍÐA UM LAND

Húseiningar h.f. í Siglufirði eru nú að framleiða 15 hús fyrir þrjú sveitarfélög, Siglufjörð, Raufarhöfn og Vopnafjörð, og á verksmiðjan að skila þeim í ágúst til október.

Húseiningar hafa nú framleitt 9 hús, sem reist hafa verið á Siglufirði, Vopnafirði, Drangnesi, Seyðisfirði og Skagafirði, tvö hafa verið reist í Borgarnesi og nú er verið að reisa tvö í Garðahreppi. Myndina tók G.E. af framkvæmdum við Siglufjarðarhúsin í Garðahreppi.

Í verksmiðju Húseininga h.f. starfa um 12 manns við framleiðsluna. Vélvæðing er mjög mikil í verksmiðjunni.

Afkastageta verksmiðjunnar við óbreyttar aðstæður er um 60-80 hús á ári, en afkastageta vélanna er um 250-300 hús á ári.

ÍSLENSKIR RADIOAMATÖRAR SENDA ÚT FRÁ HEIMAEY

— hefur ekki verið gert í 25 ár

gebe-Rvík. — Dagana 12. og 13. júlí n.k. munu sex íslenskir radioamatörar senda út frá Heimaey í Vestmannaeyjum, en þaðan hafa engar sendingar farið frá radioamatörum í að minnsta kosti tuttugu og fimm ár. Kallmerki þeirra er TF7V, en það mun vera í fyrsta skipti, sem slíkt merki er notað af radiodamatörum, þ.e.a.s. með einum bókstaf fyrir aftan tölustaf. Tilgangurinn með þessum sendingum er að vekja athygli á Vestmannaeyjum og minnst þess, að nú eru rúm tvö ár liðin frá gosi. Þá fá þeir radioamatörar, sem svara sendingunum, send falleg kort með litmyndum af gosinu í Heimaey og verður kallmerkið TF7V þrykkt á myndina. Radioamatörar um allan heim hafa sýnt þessu mikinn áhuga.

N.k. þriðjudag munu íslenskir radioamatörar fara til Vest-

mannaeyja með útbúnað sinn og setja loftnet upp og annast annan undirbúning. Á laugardaginn 12. júlí hefjast svo sendingarnar og standa sleitulaust í tvo sólarhringa. Ahuginn er mikill, og vonast er til, að hægt verði að hafa samband við sem flest fjarlæg lönd og þá er átt við lönd utan Evrópu, S-Ameríku, Japan og Austurálfu, svo eitthvað sé nefnt, en þeir radioamatörar, sem að þessu standa eru DX-radioamatörar, en það nefnast þeir, sem mest eða eingöngu hafa radiosamband við erlend lönd.

Sent verður á morsi (CW) og á tali (SSB).

Þeir radioamatörar, sem að þessari ferð standa, vilja koma á framfæri þakklæti til þeirra, sem þeir hafa leitað til í Eyjum, en allir veittu þeir góðfúslega fyrirgreiðslur — Það er von okkar, að þetta verði góð kynning fyrir

Vestmannaeyjar, sagði einn þeirra sexmenninganna, Guðjón Einarsson.

Stórbruni í Eyjafirði

ASK Akureyri. — Stórbruni varð á Blómsturvöllum í Glæsibæjarhreppi sl. fimmtudagsmorgun, 250 rúmmetra hlaða og áfast fjárhús brunnu til kaldra kola, án þess að við neitt yrði ráðið. Í hlöðunni voru um 50 hestar af heyi, óvátryggt, en hlaðan og fjárhúsið var lagt tryggt.

Lögreglan á Akureyri var fyrst reyks vör um fimmleytið um morguninn og kvaddi út slökkvilið. Þegar inn að Blómsturvöllum kom, voru allir í fasta svefni. Munaði minnstu að stórslys yrði, en aðeins 12 metrar eru á milli íbúðarhússins og fjárhússins. Að sögn bóndans, Kristján Sveinsonar, er talið, að kviknað hafi í út frá rafmagni.

Nýtt frímerki í tilefni aldar afmælis landnáms Íslendinga í Vesturheimi

gebe-Rvík — Í tilefni þess að öld er liðin frá landnámi Íslendinga í Vesturheimi, hefur Póst- og símamálastjórn gefið út frímerki með mynd af einum kunnasta vesturfaranum, Stephan G. Stephanssyni (1853-1927). Stephan var tvítugur að aldri þegar hann fluttist til Vesturheims ásamt foreldrum sínum, en hann gerðist bóndi og landnámsmaður og bjó lengst af í Albertafylki. Ekki átti hann kost á skólagöngu, en aflaði sér menntunar með lestri góðra bóka.

Vegna anna við búskapinn, gafst lítið tóm til skáldskapar nema á nóttinni og því nefndi hann ljóðabækur sínar Andvökur. Stephan var alla tíð Íslendingur í hug og hjarta þótt hann byggi fjarri ættlandinu eða eins og hann segir í hinu þekktu kvæði sínu: Þó þú langföruill lengðir, sérhvert

land undir fót, bera hugur og hjarta samt þins heimalands mót.

Útgáfudagur frímerkisins er 1. ágúst og er verðgildi þess 27 kr. Stærð þess er 26x40 mm og er það grænt og brúnt að lit. Myndin af skáldinu á frímerkinu er eftir Ríkharð Jónsson, en frímerkið var prentað í Frímerkjaprentsmiðju frönsku pósthjónustunnar.

